

GJALDSKRÁ

gatnagerðargjalda, byggingagjalda og þjónustu embættis byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

1. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari.

Við útgáfu byggingarleyfa og vegna annarrar þjónustu sem embætti byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Hornafjarðar veitir skal greiða þau gjöld sem gjaldskrá þessi kveður á um. Gjaldtakan er byggð á heimild í lögum um mannvirki nr. 160/2010 með síðari breytingum, lögum um gatnagerðargjald nr. 153/2006 og á rekstraráætlun embættisins.

2. gr.

Byggingagjöld vegna byggingarleyfisskyldra framkvæmda.

Neðangreind gjöld miðast við eina yfirferð aðal- og séruppdráttu sem nauðsynlegir eru til að fullgera bygginguna að innan sem utan. Innifalið í gjaldinu eru byggingarleyfisgjald, gjald vegna útsetningar húss og lóðar, lögbundið byggingareftirlit, vottorð vegna öryggis- og lokaúttektar, staðfestingar eignaskiptayfirlýsinga (ef við á) og skjalavistun. Fyrir önnur gjöld sem til falla fer eftir 4. gr. gjaldskrár þessarar.

2.1 Íbúðarhús.

2.1.1 Einbýlishús	165.000 kr.
2.1.2 Parhús, tvíbýlishús, raðhús með allt að þrem íbúðum	209.000 kr.
2.1.3 Fjöleignarhús með allt að sjö íbúðum sem falla ekki undir 2.1.2	286.000 kr.
2.1.4 Fjöleignarhús með átta íbúðum eða fleiri	354.750 kr.

2.2 Aðrar byggingar.

2.2.1 Brúttóflatarmál allt að 200 fermetrar	159.500 kr.
2.2.2 Brúttóflatarmál milli 200 - 1.000 fermetrar	225.500 kr.
2.2.3 Brúttóflatarmál yfir 1.000 fermetrar	343.750 kr.
2.2.4 Sérstaklega flókin mannvirki ¹	reiknað sérstaklega

¹ Mannvirki telst sérstaklega flókið ef það fellur undir flokk CC3 samkvæmt töflu B1 í þjóðarviðauka við ÍST EN 1990:2002/NA:2011.

2.4 Ráðning skoðunarstofu.

Bæjarstjórn er heimilt sbr. 3.3.1. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012 að ákveða að skoðunarstofa annist sérstaka þætti byggingareftirlits. Sé hönnun mannvirkis sérstaklega vandasöm getur byggingarfulltrúi ákveðið að faggilt skoðunarstofa annist yfirferð hönnunargagna og úttektir vegna viðkomandi framkvæmdar í heild eða að hluta. Ráðning skoðunarstofu og greiðsla kostnaðar fyrir þjónustu hennar er í höndum eigenda mannvirkis. Í slíkum tilvikum eru byggingagjöld sbr. 2. gr. gjaldskrár þessarar reiknuð sérstaklega og greitt fyrir þá þætti þjónustu embættis byggingarfulltrúa sem það veitir.

2.5 Heimild til lækkunar byggingagjalda.

Við sérstakar aðstæður getur bæjarstjórn ákveðið að lækka byggingagjöld af einstökum nýbyggingum og breytingum eldri bygginga í sveitarfélaginu.

3. gr.

Byggingagjöld vegna byggingarheimilda.

Neðangreind gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttu sem nauðsynlegir eru til að fullgera bygginguna að innan sem utan. Innifalið í gjaldinu eru byggingarleyfisgjald, gjald vegna útsetningar húss og lóðar, lögbundið byggingareftirlit, vottorð vegna öryggis- og lokaúttektar, staðfestingar eignaskiptayfirlýsinga (ef við á) og skjalavistun. Önnur gjöld sem til falla fara eftir 4. gr. gjaldskrár þessarar.

3.1 Byggingarheimild	97.130 kr.
----------------------	------------

4. gr.

Gatnagerðargjald.

Af öllum nýbyggingum og viðbyggingum í þéttbýli í Sveitarfélaginu Hornafirði, samkvæmt samþykktu deiliskipulagi eða staðfestu aðalskipulagi, skal greiða gatnagerðargjald, sbr. 12. gr. laga um gatnagerðargjald nr. 153/2006. Gatnagerðargjaldi skal varið til gatnagerðar í sveitarfélaginu og viðhalds gatna og annarra gatnamannvirkja. Gjaldskráin gildir jafnt fyrir leigulóðir og eignarlóðir þar sem sveitarfélagið stendur að gatnagerð.

4.1 *Útreikningur gatnagerðargjalds.*

Af hverjum brúttófermetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar samkvæmt fermetraverði byggingarvísitölu, eins og hann er hverju sinni samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987. Allar fjárhæðir í þessari gjaldskrá taka breytingum 1. dag hvers mánaðar í samræmi við breytingu á byggingarvísitölu.

Lágmarksgjald:

4.1.1	Íbúðarhúsnæði	5,5%	1.000.000 kr.
4.1.2	Par-, rað-, tvíbýlis- og keðjuhús	4,5%	2.000.000 kr.
4.1.3	Iðnaðarhúsnæði, hótél, verslanir og skrifstofur	4,2%	2.400.000 kr.
4.1.4	Hesthús og önnur gripahús í þéttbýli	3,0%	175.000 kr.

Lágmarksgjald skv. 1. mgr. skal aldrei vera hærra en sem nemur 15% af byggingarkostnaði fermetra í vísitöluhúsi fjölbýlis eins og hann er hverju sinni skv. útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987, um vísitölu byggingarkostnaðar. Af viðbyggingum er ekki greitt lágmarksgjald, aðeins er greitt ofangreint gjald af viðkomandi viðbyggingu.

Við úthlutun lóðar skal lóðarleigjandi greiða staðfestingargjald sem er óafturkræft. Upphæð staðfestingargjalds er 250.000 kr., en bæjarráði er heimilt að breyta staðfestingargjaldi hvenær sem er. Staðfestingargjald gengur upp í gatnagerðargjald eða byggingagjöld eftir atvikum.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir endurbyggingu, breytingu eða breytttri notkun húsnæðis þannig að hún færist í hærri gjaldflokk sbr. 1. mgr. skal greiða gatnagerðargjald sem svarar til mismunar hærri og lægri gjaldflokksins. Lóðarhafi, eða byggingarleyfishafi þar sem það á við, á ekki rétt á endurgreiðslu ef bygging færist í lægri gjaldflokk við slíka breytingu.

4.2 *Undanþágur frá greiðslu gatnagerðargjalds.*

Eftirtaldar byggingar eru undanþegnar greiðslu gatnagerðargjalds:

- Lagnakjallarar og aðrir gluggalausir kjallarar, sem aðeins er gengið í innan frá.
- Smáhýsi, eins og þau eru skilgreind í byggingarreglugerð nr. 112/2012 með síðari breytingum. Fyrir stærri garðhús er greitt sama gatnagerðargjald og fyrir hesthús.
- Óupphituð svalaskýli og sólskálar íbúðarhúsa sem eru 20 m² eða minni.

4.3 *Heimild til lækunar eða niðurfellingar gatnagerðargjalds.*

Bæjarstjórn getur lækkað eða felld niður gatnagerðargjald af einstökum lóðum í sveitarfélaginu við sérstakar aðstæður, sbr. ákvæði 6. gr. laga um gatnagerðargjald nr. 153/2006. Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjaldskrá gatnagerðargjalds um allt að 35% vegna breytilegs kostnaðar við undirbyggingu og frágang gatna eftir hverfum, m.a. vegna kostnaðar við land, jarðvegsdýpi, stærð lóðar við götu, staðsetningu lóðar, verðmæti lóðar, þversnið lóðarfrágangs o.fl.

4.4 *Eldri samningar og skilmálar um gatnagerðargjald.*

Um samninga um gatnagerðargjald af tilteknum lóðum, sem lóðarhafar eða lóðareigendur hafa gert við Sveitarfélagið Hornafjörð fyrir gildistöku gjaldskrár þessarar, svo og skilmálar varðandi gatnagerðargjald, sem bæjarstjórn hefur sett fyrir sömu tímamörk og lóðarhafi og lóðareigandi hefur undirgengið, fer eftir hljóðan áður gerðra samninga.

4.5 *Áfangaskipting framkvæmda.*

Í þeim tilvikum þegar lóðarhafi hyggst byggja hús, annað en íbúðarhús, í áföngum, getur bæjarstjórn heimilað slíka áfangaskiptingu og þá skal gatnagerðargjald hverju sinni greiðast samkvæmt þeirri samþykkt sem í gildi er þegar byggingarleyfi hvers áfanga er útgefið.

Umsækjandi skal taka það sérstaklega fram í lóðarumsókn að hann ætli að reisa fyrirhugað mannvirki í áföngum og hvenær hann hyggst hefja framkvæmdir á sérhverjum byggingaráfanga.

Verði áfangaskipting heimiluð falla áætluð gjöld í gjalddaga við upphaf hvers byggingaráfanga í samræmi við áform lóðarhafa við úthlutun lóðarinnar.

5. gr.

Afgreiðslu- og þjónustugjöld embættis byggingarfulltrúa.

Fyrir neðangreinda umsýslu ber að greiða eftirtalin gjöld, sbr. 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

5.1	Hver endurskoðun aðal- eða séruppráttá	20.900 kr.
5.2	Endurnýjun byggingarleyfis án breytinga	13.750 kr.
5.3	Vottorð um byggingarstig (t.d. fokheldisvottorð)	12.650 kr.
5.4	Umsagnir vegna umsóknar um rekstrarleyfi og aðrar umsagnir	19.800 kr.
5.5	Yfirferð og staðfesting eignaskiptayfirlýsingar	
	- fast gjald	25.850 kr.
	- fyrir hverja einingu	5.500 kr.
5.6	Breyting á lóðarleigusamningi	11.000 kr.
5.7	Útsetning húss eða lóðar	11.000 kr.
5.8	Breytingar á mæliblöðum	11.000 kr.
5.9	Útkall þegar verk reynist ekki úttektarhæft; aukaúttekt	18.150 kr.
5.10	Leyfi til niðurrifs mannvirkja	26.950 kr.
5.11	Önnur þjónusta skv. tímagjaldi	11.000 kr.

6. gr.

Stöðuleyfi.

Stöðuleyfisgjöld eru innheimt í samræmi við 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og kafla 2.6. í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Varðandi götu- og torgsöluhús er vísað til samþykktar og gjaldskrár um götu- og torgsölu Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

6.1	Afgreiðsla og útgáfa stöðuleyfis	24.200 kr.
6.2	Endurnýjun stöðuleyfis án breytinga	15.950 kr.
6.3	Aukagjald vegna eftirlits við fleiri en einn lausafjármun	4.400 kr.

7. gr.

Tilkynning um framkvæmd.

Vegna tilkynningarskyldu framkvæmda, sbr. 2.3.6. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012, greiðist afgreiðslu- og þjónustugjald 21.450 kr. Innfalið í gjaldi er móttaka og skráning erindis, yfirferð m.t.t. samræmis við skipulag, svör við fyrirsurnum og almenn umsýsla.

8. gr.

Önnur gjöld.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar er heimilt að innheimta önnur þjónustugjöld en mælt er fyrir um í gjaldskrá þessari, sbr. 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 enda nemi þau ekki hæri fjárhæð en kostnaði við að veita þjónustuna.

9. gr.

Breytingar á fjárhæð gjalda.

Öll gjöld önnur en gatnagerðargjald samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við launavísitölu í janúar 2021 (778,6 stig – grunnur frá 1989) og breytast 1. janúar ár hvert, til samræmis við breytingar á vísitölunni.

10. gr.

*Kæruheimildir.*10.1 *Gatnagerðargjald.*

Aðili máls getur skotið ákvörðun samkvæmt gjaldskrá þessari til úrskurðar ráðherra skv. 11. gr. laga um gatnagerðargjald nr. 153/2006. Kærufrestur er þrjú mánuðir frá því að aðili fékk vitneskju um ákvörðunina. Kæruheimild þessi skerðir þó eigi rétt aðila til að höfða mál fyrir dómstólum.

Komist ráðherra að þeirri niðurstöðu að ákvörðun sveitarfélagsins hafi ekki verið í samræmi við lög getur hann ógilt ákvörðunina og eftir atvikum lagt fyrir sveitarstjórn að taka nýja ákvörðun.

10.2 Öll gjöld önnur en gatnagerðargjald samkvæmt gjaldskrá þessari.

Aðilar máls geta kært ákvörðun samkvæmt gjaldskrá þessari til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála skv. 59. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki. Kærufrestur er einn mánuður frá því að aðila varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra til nefndarinnar skal vera skrifleg og undirrituð, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

11. gr.

Lagaheimild.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og 12. gr. laga um gatnagerðargjald nr. 153/2006 og öðlast gildi við birtingu.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá embættis byggingar- og skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Hornafjarðar nr. 291/2014.

Samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar, 9. desember 2021.

Matthildur Ásmundardóttir bæjarstjóri.